

um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá Áka Jakobssyni, Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán eða lána þeim bæjar- og hreppsfélögum, sem ætla að koma á hjá sér togaraútgerð og hafa þegar sótt um kaup á togurum, enda þarfnið viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag fjárhagsstuðnings þessa að álti ríkisstjórnarinnar. Ábyrgðin eða lánið skal nema 10% af kostnaðarverði skipanna og hvila með öðrum veðrétti á skipunum næst á eftir væntanlegu stofnlánadeildarláni. Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppssjóði eða félögum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga.

Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 3 millj. króna.

#### Greinargerð.

Nokkur bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa sótt um kaup á samtals 14 togurum í því skyni að koma á togaraútgerð þar, sem slík útgerð hefur yfirleitt ekki verið áður. Svo sem kunnugt er, mun hver togari kosta um kr. 2800000.00. Í frumvarpi því um lán úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir lánum, sem nema  $\frac{3}{4}$  hlutum af kaupverði togaranna, eða m. ö. o. um kr. 2100000.00. Fellur þá í hlut viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga fjárhæð að upphæð um kr. 700000.00 á hvern togara.

Mörgum þessum bæjar- og sveitarfélögum er um megn að leggja fram af eigin rannmleik slika fjárhæð, ekki sízt þar sem viðkomandi aðilar þurfa að leggja í margvislegan kostnað vegna væntanlegrar togaraútgerðar, svo sem byggingu á ýmsum mannvirkjum, veiðarsærakaup o. s. frv.

Hins vegar er staðsetning hinna keyptu togara ákaflega þýðingarmikil frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Undanfarna áratugi hefur straumur fólkis legið utan af landi til hafna við Faxaflóa og þá einkum til Reykjavíkur. Verði áframhald á þessum fólksflutningi, munu heil byggðarlög falla í auðn á næstu árum til stórtjóns fyrir þjóðarheildina.

Höfuðorsök þessara fólksflutninga er sú, að við Faxaflóa eru staðsett flest stórvirkustu framleiðslutæki þjóðarinna og möguleikar því mestir fyrir betri lifsafkomu.

Með þingsályktunartillögu þessari er reynt að bæta atvinnuskilyrðin í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum og þannig reynt að koma í veg fyrir áframhaldandi fólksflutning til hafna við Faxaflóa og þar með stuðlað að eðlilegri dreifingu landsmanna.

Það er í alla staði eðlilegt, að viðkomandi bæjar- og sveitarfélög leggi að sér fjárhagslega til þess að komast yfir svo stórvirk framleiðslutæki sem togarar eru, enda er gert ráð fyrir því með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu. En hins vegar virðist það bæði vera rétt og skylt af ríkisvaldinu að aðstoða viðkomandi bæjar- og sveitarfélög, þegar um slik átök er að ræða sem togarakaup þeirra eru.